



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR 388 - 391

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram fjórir fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 388 samþykkti sveitarstjórn beiðni frá skólastjóra Heiðarskóla um kaup á flygli fyrir skólann en hann mun m.a. nýtast nemendum í píanónámi þar sem kennsla á vegum Tónlistarskólans fer að mestu leyti fram í Heiðarskóla. Hljóðfærið mun einnig nýtast fyrir aðra viðburði sem haldnir eru í Heiðarskóla. Á sama fundi var samþykkt að styrkja Kvennaathvarfið um 200.000 kr. á árinu 2024.

Þann 27. desember 2023 fór fram aukafundur sveitarstjórnar í kjölfar samkomulags á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsprósentu því tengdu. Sjá nánar [hér](#).

Á fundi sveitarstjórnar nr. 390 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hönnunargögn og kostnaðaráætlun fyrir framkvæmd nýs íþróttahúss og fól verkefnastjóra framkvæmda og eigna að bjóða fyrsta áfanga af þremur út. Fyrsti áfangi er jarðvinna, uppsteypa og grófjöfnun lóðar. Annar áfangi er frágangur innanhúss og sá þriðji yfirborðsfrágangur lóðar. Á sama fundi var Húsnaðisáætlun Hvalfjarðarsveitar 2024 samþykkt, sjá [hér](#).

Erindi frá skrifstofustjóra og félagsmálastjóra var lagt fram á fundi nr. 390 og samþykkti sveitarstjórn tillögu um að breyting launavísitölu, 10,7%, yrði nýtt til hækkunar tekjumarka vegna afsláttar af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2024.

Tillagan byggði á að sveitarfélagið hefur ávallt haft metnað til að gera vel í þessum efnum auk hækkunar fasteignamats.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 391 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tillögu fjölskyldu- og frístundanefndar að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar einstaklings hækkaði um 7,7%, fór úr kr. 215.050.- í kr. 229.773.-

Á sama fundi var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir 3. áfanga Melahverfis. Jafnframt var samþykktur samningur um váttryggingarvernd og var sveitarstjóra falin undirritun hans. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var einnig lagt fram þar sem boðað er til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 14. mars nk. í Silfurbergi í Hörpu.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032
Þéttbýlisuppráttur Melahverfi



AFREKSSTYRKTARSJÓÐUR HVALFJARÐARSVEITAR

Á fundi Fjölskyldu- og frístundanefndar þann 7. desember sl. voru teknar fyrir umsóknir í Afreksstyrktarsjóð Hvalfjarðarsveitar en sjóðnum er ætlað að styðja við bakið á afreksfólki sem á lögheimili í Hvalfjarðarsveit og hefur skarað fram úr og/eða fengið viðurkenningu fyrir störf/afrek sín á sviði íþróttá. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 15. apríl og 15. nóvember ár hvert.

Ein umsókn barst í sjóðinn í seinni úthlutun ársins og fékk Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir úthlutað styrk úr sjóðnum að fjárhæð kr. 150.000. Sjá nánar um glæsilegan árangur Guðbjargar Bjarteyjar [hér](#).



Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM Í

Menningarsjóð og Íþróttá- og æskulýðssjóð Hvalfjarðarsveitar

Styrkumsóknir skulu vera í samræmi við reglur sjóðanna sem finna má [hér](#).

Umsóknarfrestur í sjóðina er til og með 1. apríl 2024.

Úthlutun verður lokið fyrir 1. júní 2024 skv. reglum sjóðanna.

Upplýsingar um umsóknarferlið, sjá [hér](#).

VIÐBURÐIR Á HVALFJARÐARDÖGUM 2024

Langar þig að vera með viðburð á Hvalfjarðardögum 2024?

Ert þú með góða hugmynd og vilt framkvæma? Ertu með eitthvað áhugavert að sýna? Langar þig að bjóða fólki heim? Viltu taka þátt í að gera Hvalfjarðardaga 2024 að skemmtilegri hátíð?

Nú er komið að því að skipuleggja Hvalfjarðardaga. Óskað er eftir samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki í Hvalfjarðarsveit fyrir Hvalfjarðardaga sem haldnir verða helgina 16.-18. ágúst nk. en aðaláhersla verður á laugardaginn 17. ágúst.

Með ykkar þátttöku og öflugu samstarfi er hægt að halda áfram að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og skemmtun sem bæði íbúar og gestir hafa áhuga á að sækja og njóta.

Þau sem hafa áhuga á að halda viðburð á Hvalfjarðardögum er bent á að hafa samband við menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar fyrir 1. apríl nk.

Tölvupóstur:

hvalfjardardagar@hvalfjardarsveit.is

ÞORRINN 2024

Laugardaginn 3. febrúar fór fram vel heppnað þorrablót Hvalfjarðarsveitar í Miðgarði, þar sem hljómsveitin Durtarnir héldu uppi stuðinu og H.veitingar sáu um þorramatinn.

Góð þátttaka var á þorrablóti 60 ára og eldri í Hvalfjarðarsveit í Miðgarði 7. febrúar sl. Blótið var vellukkað, boðið var upp á Þorramat frá H.veitingum. Davíð Ólafsson og Stefán Íslandi Jr. skemmtikraftar sáu um veislustjórn. Eyjólfur Kristjánsson tók nokkur vel valin lög, einnig Skarðskvintettinn við undirleik Zsuzsönnu Budai.

Sveitarstjórn óskar öllum gleðilegan þorra.

**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**